

Ár 2021, föstudaginn 16. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Gunnari Guðmundssyni, Helga R. Magnússyni og Presti Ríkharðssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 8/2021:**

Knattspyrnufélagið ÍA  
gegn  
Knattspyrnudeild UMFS

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnufélagið ÍA, kt. 500487-1279  
Jaðarsbakkar  
300 Akranes  
Fyrirsvarsmaður: Aldís Ylfa Heimisdóttir

**Kærði:**

Knattspyrnudeild UMFS, kt. 430497-3089  
Svarfaðarbraut 34  
Fyrirsvarsmaður: Ingvi H. Ingvason

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 30. júní 2021.

II.

**Kröfur:**

Kærandi vísar til þess að knattspyrnudeild UMFS hafi teft fram þremur ólöglegum leikmönnum í leik Dalvíkur og ÍA í C riðli 4. flokks kvenna A liða þann 24. júní síðastliðinn. Hið kærða félag vísar til þess að nöfn leikmanna sem fæddar eru 2006 séu á öllum skýrslum í þeim leikjum sem félagið hafi spilað í sumar og því ekki óvænt að þær hafi tekið þátt í umræddum leik.

III.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að knattspyrnudeild UMFS hafi spilaði með þrjá ólöglega leikmenn í leik Dalvíkur – ÍA í C deild 4.flokks kvenna A liða þann 24. júní síðastliðinn. Leikmenn 4.flokks eru fæddir árið 2007 og 2008 en þrír leikmenn Dalvíkur voru fæddir 2006 sem er aldur sem er gjaldgengur í 3.flokki. Óheimilt er að leika með leikmenn sem eldri en umræddur flokkur. Leikmennirnir sem um ræðir eru: Laufey Petra Þorgeirsdóttir, Sandra Rós Bryndísardóttir og Þórný Harpa R. Heimisdóttir.

Ef vitnað sé í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót í 2.gr, þar segir í nr. 2.1.4. að 4. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 13 ára og til og með því almanaksári er hann verður 14 ára. Í 7. gr sömu laga sé sagt að enginn megi leika með yngri aldursflokki en honum ber. Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

Hið kærða félag lýsir málavöxtum svo að félagið tefli fram í fyrsta sinn liði á Íslandsmóti 11 manna liða í 4 fl. kvk. Í upphafi móts hafi félagið gert KSÍ grein fyrir því að félagið myndi tefla fram leikmönnum fæddum árið 2006 líka. Fyrir því séu í raun tvær ástæður.

- 1. Fjöldi leikmann fæddir árið 2006 er 5. Ekki hafa allar tekið þátt í sumar*
- 2. Við vildum leyfa þeim að vera með í sumar til þess að missa þær ekki úr fótbolta og þannig undirbúa okkur fyrir 3. flokk kvk sem við félagið teflir vonandi fram í fyrsta skipti sumarið 2022.*

Félagið hafi látið þjálfara andstæðingsins vita fyrir leiki enda sé félagið ekki að reyna fela neitt. Viðurkennt sé þó að fyrir þennan leik hafi þetta ekki komið til tals enda þjálfari ÍA/Skallagríms ekki á staðnum. Nöfn leikmannanna sem fæddar eru 2006 séu á öllum skýrslum í þeim leikjum sem félagið hefur spilað í sumar og því ekki óvænt að þær hafi tekið þátt í umræddum leik. Þessir leikmenn veiti félaginu ekki forskot eða neitt slíkt enda sjáist það á úrslitum leikjanna sem félagið hefur spilað.

Þann 9 júní sl. hafi fyrri viðureign liðanna farið fram og voru úrslitin 12 -2 ÍA/Skallagrím í vil. Í leiknum 24 júní hafi nánast sama lið frá KF/Dalvík mætt og mætti í fyrri leikinn. KF/Dalvík hafi unnið leikinn 3-1 og spilað frábærlega gegn stórveldinu. Ef skýrslurnar úr leikjunum eru skoðaðar þá sé þjálfari ÍA/Skallagríms skráð á þær báðar, en hún hafi ekki viðstödd á hvorugum. Liðið hafi byrjað með „betri“ leikmenn á bekknum í seinni leiknum og ætlunin væntanlega að taka þetta auðveldlega, annað hafi komið á daginn og þrátt fyrir 6 skiptingar ÍA/Skallagríms í hálfleik þá hafi niðurstaðan verið tap. Leikplanið hafi ekki gengið upp og úrslitin ekki góð í toppþáttunni og því gripið til þess örþrifaráðs að kæra.

Vissulega sé það vitað að leikmenn 2006 megi ekki leika með 4. flokki og reglurnar segi að leikurinn muni tapast 0-3. Félagið búi á þannig stað að það þurfi á öllum sínum stelpum að halda til að ná í lið. Félagið sé laust við það lúxusvandamál að geta byrjað út af með 6-7 „betri leikmenn“.

Markmið félagsins sé að reyna halda úti liði og gera skemmtilega umgjörð fyrir stelpurnar sem það nái vonandi að byggja ofan á og í framtíðinni ná að tefla fram liði í mfl. kvenna.

#### IV. Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag KF/Dalvík hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði í leik KF/Dalvíkur og ÍA/Skallagríms í C riðli Íslandsmóts 4. flokks kvenna A liða, sem leikinn var 24. júní sl. á Dalvíkurvelli. Hið kærða félag KF/Dalvík hefur ekki hreyft við andmælum gegn því að félagið hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði í framangreindum leik.

Í gögnum málsins liggur fyrir að í umræddum leik hafi þrír leikmenn tekið þátt í leiknum sem fæddir eru árið 2006 og því ekki gjaldgengir í 4. aldursflokki. Stangast það á við greinar 2.1.4. og 32 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en í samræmi við 7. grein sömu reglugerðar má enginn leika með yngri aldursflokki en honum ber. Lið KF/Dalvíkur gegn ÍA/Skallagrími, í C riðli Íslandsmóts 4. flokks kvenna A liða þann 24. júní, var því ólöglega skipað í skilningi 36. greinar reglugerðar um knattspyrnumót. Hefur það í för með sér að lið KF/Dalvíkur telst hafa tapað leiknum og verður ÍA/Skallagrími úrskurðaður sigur með markatölunni 0-3 í leik liðanna þann 24. júní 2021 í C riðli Íslandsmóts 4. flokks kvenna

Skylt er samkvæmt grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði knattspyrnudeild UMFS greiða kr. 25.000,- í sekt til KSÍ.

V.

#### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik KF/Dalvíkur og ÍA/Skallagríms í C riðli Íslandsmóts 4. flokks kvenna A liða, sem leikinn var á Dalvíkursvelli þann 24. júní sl., er breytt og ÍA/Skallagrími úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, knattspyrnudeild UMFS, greiði kr. 25.000,- í sekt til KSÍ.

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]